

KARÍTAS HRUNDAR PÁLSDÓTTIR  
OG SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR  
HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Tungumál tveggja eylanda Að hvaða leyti er japanska frábrugðin íslensku?

Eyölöndin Ísland og Japan eru hvort sínu megin á hnettinum. Það kemur varla á óvart að menningarmunur er töluverður í þessum tveimur löndum en hins vegar gæti komið á óvart hversu margt löndin eiga um leið sameiginlegt. Í báðum löndum er mikil eld-virkni, jarðhitasvæði og tíðir jarðskjálftar. Þjóðirnar eru báðar frekar einsleitar og eiga það meðal annars sameiginlegt að vera vinnusamar<sup>1</sup> og borða mikinn fisk. Þar sem tiltölulega fáir útlendingar hafa búið á Íslandi og í Japan fram til þessa vekur í báðum löndum töluverða athygli þegar útlendingar leggja stund á tungumálin. Eins eiga þjóðirnar sameiginlegt að telja tungumálin sín, íslensku og japönsku, sérstaklega „erfið“ tungumál. Sú skoðun er jafnframt útbreidd meðal þeirra sem leggja stund á málin. Tungumál eylandanna tveggja, sem og málnotkun innfæddra, eru samt að mörgu leyti frábrugðin hvort öðru. Hér verður gefið yfirlit yfir nokkra eiginleika íslensku og japönsku til að skýra muninn. Fjallað verður um hljóðkerfi, stafróf, formgerð, beygingu sagna, kurteisisform og tilbrigði í máli og orðaforða.

Japanska er meðal þeirra tíu tungumála í heiminum sem hafa flesta málnotendur.<sup>2</sup> Meira en 128 milljónir manna tala japönsku,

1 OECD. (2017). *OECD compendium of productivity indicators 2017*, bls. 43. <http://dx.doi.org/10.1787/pdty-2017-en> [Sótt 15. apríl 2018].

2 Katzner, K. *The languages of the world*, London: Routledge & Kegan Paul, 1986, bls. 219.

Þar af tala um 11.500 japönsku sem annað mál.<sup>3</sup> Til samanburðar tala tæplega 340 þúsund manns íslensku ef miðað er við þá 338.450 einstaklinga sem bjuggu á Íslandi í lok fjórða ársfjórðungs 2016. Þar af voru 30.380 erlendir ríkisborgarar.<sup>4</sup> Skyldleiki japönsku við önnur mál er óljós. Kenningar hafa komið fram um að japanska sé skyld tyrknesku en fleiri eru sammála þeirri kenningu að japanska sé fjar-skyld kóresku.<sup>5,6</sup> Mállýskur japönsku eru margar og var *ryukyū*-málið sem talað er í Okinawa, einni af syðstu eyjum Japans, til að mynda áður talið sjálfstætt tungumál en nú er litið á það og mállýskur þess sem mállýskur af japönsku.<sup>7</sup> Japanska er af japönsku málaættinni (e. *Japonic*) sem samanstendur af tólf meginættkvíslum.<sup>8</sup> Íslenska er hins vegar norður-germanskt mál af indó-evrópsku málaættinni og er nánar tiltekið vestur-norrænt mál. Skyldustu frændtungur íslenskunnar eru færeyska og norska. Mállýskumunur í íslensku er lítill sem enginn.

## 1. Hljóðkerfi

Sérhljóðakerfi íslensks nútímamáls saman stendur af átta einhljóðum: [a], [ɛ], [i], [i], [ɔ], [ʏ], [u] og [œ] og fimm tvíhljóðum: [ei], [œi], [ai], [ou] og [au]. Samsvarandi bókstafir eru *a, e, í, í, o, u, ú, ö* og *eí, au, æ, ó, á*. Auk þess eru tvö til fjögur tvíhljóð sem koma aðeins fyrir á undan *-gi* [jɪ], það er [ʏi] og [oi]; [ii] og [ui]<sup>9</sup>. Samhljóðin eru táknuð með þrjátíu hljóðtáknnum: Lokhljóð eru [p<sup>h</sup>], [t<sup>h</sup>], [ç<sup>h</sup>], [k<sup>h</sup>], [p], [t], [ç], [k]; önghljóð eru [f], [v], [θ], [ð], [s], [ç], [j], [x], [ɣ], [h]; nefhljóð eru [m], [m̥], [n], [n̥], [ɲ], [ɲ̥], [ŋ], [ŋ̥]; hliðarhljóð eru [l], [l̥]; og sveifluhljóð eru [r], [r̥].<sup>10</sup> Þessi hljóð

3 Simons, G. F. og Fenning, C. D. (ritstjórar), *Ethnologue: Languages of the world* (20. útgáfa), 2017, <http://www.ethnologue.com> [2. apríl 2017].

4 Hagstofa Íslands. (2017, 30. janúar). Mannfjöldinn á 4. ársfjórðungi 2016, <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldinn-a-4-arsfjorungi-2016/> [Sótt 15. mars 2017].

5 Fromkin, V., Rodman, R. og Hyams, N. *An introduction to language* (9. útgáfa). Andover: Wadsworth – Cengage learning, 2011, bls. 524.

6 Baldur Ragnarsson. *Tungumál veraldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 133.

7 Sama rit, bls. 134.

8 Simons og Fenning, 2017.

9 Eiríkur Rögnvaldsson, Íslensk hljóðfræði: *Kennslukeyr banda nemendum á háskólastigi*, Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 1989, bls. 42–43.

10 Eiríkur Rögnvaldsson. *Hljóðkerfi og orðblutakerfi íslensku* [rafræn kennslubók], 2013, bls. 15, <https://notendur.hi.is/eirikur/hoi.pdf> [3. mars 2017].

eru táknuð með sautján bókstöfum í íslensku stafrófi: *p, t, k, b, d, g, f, v, þ, ð, s, h, j, m, n, l, r, x*.

Í japönsku eru sérhljóðin fimm: [a], [i], [u], [e], [o]. Ef hljóðin væru rituð með íslenskum bókstöfum væru þeir: *a, í, u, e, o*. Auk sérhljóðanna eru þrjú tvíhljóð: *ya, yu, yo* og fimmtán samhljóð.<sup>11 12</sup> Japönsk samhljóð eru margslungnari en hér verður gerð grein fyrir. Þau eru tiltölulega fá í grunninn en greina má ólík hljóðbrigði (e. *allophones*) þeirra t.d. eftir stöðu þeirra í orði, það er hvort þau eru í fram-, inn- eða bakstöðu orða. Tvö mismunandi hljóðbrigði eins og sama hljóðansins (e. *phoneme*) eru einnig til dæmis notuð til að tákna samhljóð eftir því hvort á eftir því fer einhljóð eða tvíhljóð, samanber [k] í *ka* og [kʰ] í *kyá*.<sup>13</sup> Hvert atkvæði í japönsku er myndað af annaðhvort stöku sérhljóði eða samsetningu samhljóðs og sérhljóðs (einhljóðs eða tvíhljóðs), samanber *na, ni, nu, ne, no* og *kyá, kyú, kyó*.

Sem dæmi um mun á hljóðkerfi íslensku og japönsku má nefna að /l/ og /r/ eru tvö mismunandi hljóðön í íslensku en hljóðin [l] og [r] eru mismunandi birtingarmyndir eins og sama hljóðansins /r/ í japönsku. Hljóðin eru því ekki merkingargreinandi. Myndun sveifluhljóðsins *r* í japönsku krefst einungis einnar sveiflu og í huga Japana hljómar það svipað [l] sem er hliðarhljóð í íslensku. Talskynjun barna virðist að einhverju leyti vera ásköpuð og eiga nýfædd börn um allan heim auðvelt með að greina muninn á ólíkum hljóðönnum.<sup>14</sup> Þrátt fyrir að japönsk ungabörn (allt að 10–12 mánaða) geti greint muninn á framburði [r] og [l] þá hljóma þessi hljóð eins í eyrum þeirra sem eldri eru. Talskynjun nýfæddra barna er flokkamiðuð (e. *categorical speech perception*) sem þýðir að hljóðkerfisleg aðgreining er þeim meðfædd en sá hæfileiki flýtir mjög fyrir máltökunni. Ungabörn laga sig að málumhverfinu sem þau alast upp við strax á fyrsta ári (6–12 mánaða) og því hætta þau fljótt að greina hljóðkerfislegan mun sem ekki er gerður í móðurmáli

11 Vance, T. J. *The sounds of Japanese*. Cambridge: Cambridge University Press, 2008, bls. 236.

12 Simons og Fenning, 2017.

13 Japan Foundation, *Onsei wo oshieru* (e. *Teaching phonetics*), Tókyó: Japan Foundation, 2009.

14 Fromkin, Rodman og Hyams, *An introduction to language*, bls. 334.

þeirra.<sup>15 16</sup> Annað dæmi er að tannvaramælt önghljóð, sambærileg [f] og [v] í íslensku, eru ekki til í japönsku.<sup>17</sup> Hljóðkerfi íslensku og japönsku eru því að mörgu leyti ólík.

## 2. Stafróf

Við ritun íslensku er latneska stafrófið notað. Allt að fjögur stafróf eru hins vegar notuð við ritun japönsku og blandast þau gjarnan saman í einni og sömu setningunni. *Kanji* eru tákn byggð á merkingu. *Hiragana* er byggt á hljóði og er notað fyrir innlend orð. *Katakana* er einnig byggt á hljóði en aðallega notað fyrir orð af erlendum uppruna. Þá er það notað fyrir upphrópanir, nöfn fyrirtækja og þess háttar. *Romaji* eru latneskir bókstafir, eins og notaðir eru á Vesturlöndum, sem eru meðal annars notaðir fyrir skammstafanir. Myndtáknin í *kanji* voru upprunalega kínversk en síðan aðlöguð að japönsku. *Kanji* myndtáknin eru almennt notuð fyrir þau orð sem halda uppi merkingu setningarinnar, það er fyrir opnu orðflokkana: nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Til eru fleiri þúsund *kanji*-tákn. Yfirvöld hafa gefið út lista yfir þau tákn sem talið er mikilvægast að almenningur læri.<sup>18</sup> Menntafólk getur lesið um 10.000 tákn en til að geta lesið japanskt dagblað borgar sig að kunna minnst 1.850 tákn. Við þennan fjölda bætist að *hiragana*-táknin eru um 107 talsins og *katakana*-táknin um 111 talsins.<sup>19</sup> Málfræðileg formgerð, svo sem beyging sagna og tíð lýsingarorða, sem og orð úr lokuðu orðflokkunum eru jafnan táknud með *hiragana* og birtist þá sem viðskeyti við *kanji*-táknin. Raunar væri hægt að skrifa japönsku eingöngu með *hiragana*, eins og reyndar er gert í bókum fyrir börn og útlendinga, en það hefur þann vankant að merking setningarinnar getur auðveldlega orðið margræð. Ástæðan er sú að mikið er um samstafaorð (e. *homograph*) sem hljóma eins en hafa ólíka

15 Sigríður Sigurjónsdóttir. Hljóðþróun í máltöku barna. *Talfræðingurinn: Framburður og tal*, 16(1)/2002, bls. 6–10.

16 Jörgen Pind. Proskaférlill talskynjunar. Í Kristján Árnason (aðalhöfundur), *Íslensk tunga I: Hljóð: Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 496–500, hér bls. 499.

17 Baldur Ragnarsson, *Tungumál veraldar*, bls. 135.

18 Katzner, *The languages of the world*, bls. 219.

19 Baldur Ragnarsson, *Tungumál veraldar*, bls. 134.

merkingu, samanber nafnorðið *kami* sem getur þýtt ‘guð’, ‘hár’ og ‘pappír’ allt eftir samhengi og tónfalli í framburði. Hefð er fyrir því að skrifa japönsku lóðrétt frá hægri til vinstri en færst hefur í aukana að skrifa hana lárétt frá vinstri til hægri meðal annars til þess að auðvelda innsetningu arabískra tölustafa.<sup>20</sup> Prentaður texti í bókum eða dagblöðum er jafnan lóðréttur en fréttatexti á netinu, tölvupóstur og annar texti á samfélagsmiðlum er láréttur.

Það kann að hljóma einkennilega í eyrum Íslendinga að tala um að lýsingarorð tíðbeygist eins og hér að framan. Í íslensku, líkt og ensku, lýsa lýsingarorð oftast eiginleikum (e. *qualities*), þótt þau geti einnig lýst ástandi,<sup>21</sup> en sagnir lýsa athöfnum (e. *actions*) eða ástandi (e. *states*). Japanska, líkt og kínverska, gerir hins vegar lítinn greinarmun á eiginleikum og ástandi.<sup>22</sup> Lýsingarorðum í japönsku svipar því til sagnorða í íslensku að því leyti að þau tíðbeygjast og laga sig að hætti.<sup>23</sup> Sem dæmi má nefna *oishii*, af flokki *i*-lýsingarorða, sem merkir ‘bragðgott’ og er í eiginlegu beygingarformi *oishii* í nútíð, *oishikatta* í þátíð, *oishikunai* í neitunarhætti nútíðar, *oishikunakatta* í neitunarhætti þátíðar og *oishikereba* í viðtengingarhætti (e. *conditional*). Lýsingarorð af flokki *na*-lýsingarorða beygjast öðruvísi.

### 3. Formgerð

Grundvallarorðaröð í íslensku er frumlag, sögn og andlag (FSA) en frumlag, andlag og sögn (FAS) í japönsku. Íslenska er mikið beygingamál og hefur beygingakerfið tekið litlum breytingum í aldanna rás. Nafnorð, lýsingarorð og fornöfn fallbeygjast til dæmis eftir kyni og tölu í íslensku. Japanska er ekki beygingarmál í sama skilningi. Nafnorð taka ekki greini og fallbeygjast ekki eftir kyni og tölu. Því þarf að ráða út frá samhenginu hvort nafnorðið *tomodachi* sé notað í merkingunni ‘vinur’, ‘vinkona’, ‘vinir’ eða ‘vinkonur’. Að vísu er hægt að bæta viðskeytinu *-tachi* við nafnorð og gefa þannig fleirtölu til kynna en kynið heldur áfram að vera óskilgreint.

20 Katzner, *The languages of the world*, bls. 219.

21 Höskuldur Þráinsson, *Íslensk setningafræði*, Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 2012, bls. 34–35.

22 Lyons, *Introduction to theoretical linguistics*, Cambridge: Cambridge University Press, 1968, bls. 324–325.

23 Baldur Ragnarsson, *Tungumál veraldar*, bls. 135.

Flókið getur verið fyrir Íslendinga að nota persónufornöfn í japönsku þar sem þau eru notuð í öðru samhengi en tíðkast í íslensku. Þau líkjast að vissu leyti nafnorðum þar sem lýsingarorð geta lýst þeim nánar og ekki er hægt að endurtaka þau oft í sömu setningunni.<sup>24</sup> Persónufornöfn eru persónuleg og er *antata*, sem þýðir ‘þú’, til dæmis nær eingöngu notað á milli hjóna og því dónaskapur að nota það við samferðafólk sitt þar sem sýna ber því sérstaka virðingu. Eins þýðir *kare* bæði ‘hann’ og ‘kærasti’ og *kanojo* bæði ‘hún’ og ‘kærasta’. Kurteisistitlar sem eru skeyttir aftan við nöfn fólks eru einkum: *san* (*herra, frú*), *sama* (*formlegra herra, frú*), *sensei* (*einkum um kennara, lækna og presta*) og *senpai* (*um eldra eða reyndara samstarfsfólk*). Mikilvægt er að læra nöfn fólks og vísa til þeirra með nafni auk kurteisistitils því nöfn fólks eru alla jafna notuð í stað persónufornafna. Með því að forðast notkun persónufornafna er vísun í fólk og hagi þess ekki eins bein og þar með kurteislegri.<sup>25</sup> Oft og tíðum má sleppa því alveg að nefna frumlagið í setningu, einkum í hversdagslegu máli, þar sem japanska er fornafnafellimál (e. *pro-drop language*).<sup>26</sup> Sem dæmi er einfaldlega hægt að segja „iku“, sem er sögnin ‘að fara’, í stað þess að segja „watshi iku“, ‘ég fer’, eða „kanojo iku?“, ‘fer hún?’. Viðmælandi þarf því að geta sér til um við hvern er átt út frá tóni, samhengi og augnatilliti.

#### 4. Beyging sagna

Sagnorð beygjast í persónu og tölu í íslensku og eru til í tveimur ósamsettum tímum: nútíð og þátíð. Með hjálparsögnum, svo sem *bafa* og *vera*, má mynda samsettar sagnmyndir sem tákna horf, til dæmis lokið horf og ólokið horf, en með hjálparsögninni *munu* felst þó ef til vill fremur háttarmerking en tíðarmerking.<sup>27 28</sup>

24 Makino, S. og Tsutsui, M. *A dictionary of basic Japanese grammar*, Tókyó: The Japan Times, 1986, bls. 29.

25 Ide, S. og Yoshida, M. Sociolinguistics: Honorifics and gender differences, Í N. Tsujimura (ritstjóri), *The handbook of Japanese linguistics*, Hoboken: Blackwell, 2002, bls. 444–480, hér bls. 449.

26 Zushi, M. Null arguments: The case of Japanese and Romance. *Lingua* 113(4–6)/2003, bls. 559–604, [https://doi.org/10.1016/S0024-3841\(02\)00085-2](https://doi.org/10.1016/S0024-3841(02)00085-2) [Sótt 25. apríl 2017].

27 Höskuldur Þráinsson, *Handbók um málfræði*, Reykjavík: Námsgagnastofnun, 2006, bls. 237.

28 Höskuldur Þráinsson, Hvað eru margar tíðir í íslensku og hvernig vitum við það? *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 21(1)/1999, bls. 181–224.

Hættir sagna í íslensku eru framsöguháttur, viðtengingarháttur og boðháttur, svokallaðir persónuhættir, og nafnháttur, lýsingarháttur nútíðar og lýsingarháttur þátíðar, svokallaðir fallhættir. (Lýsingarháttur nútíðar og lýsingarháttur þátíðar eru myndaðir með hjálparsögn, samanber „Hann er sofandi“ og „Hann hefur sofð“.) Myndir sagna í íslensku eru germynd, þolmynd og miðmynd. Færa má rök fyrir því að miðmynd sé beygingarformdeild en þolmynd sé setningarleg formdeild. Byggist það á þeim rökum að miðmynd sagnar er yfirleitt mynduð með því að bæta *-st* við sögnina en þolmynd er mynduð með hjálparsögninni *vera* (eða *verða*).<sup>29</sup> Sagnir í íslensku eru ýmist veikar, sterkar eða blandaðar. Þessi flokkun hefur áhrif á kennimyndir sagna. Veikar sagnir fá til dæmis endingarnar *-ði*, *-di*, *-ti* í þátíð en sterkar sagnir eru myndaðar með hljóðskiptum og þekkjast á því að þær eru einungis eitt atkvæði í þátíð.

Gerðir sagna í japönsku eru þrjár. Tvær sagnargerðir eru reglulegar; það eru sagnir sem enda á *-u* og sagnir sem enda á *-ru* í orðabókarmynd. Þriðja gerðin samanstendur af óreglulegum sögnum en málfræðingar eru ekki alltaf sammála um fjölda þeirra eða hvernig beri að flokka þær. Þær eru þó gjarnan sagðar tvær talsins: *kurru* og *surru* (ísl. *koma* og *gera*), auk þeirra sagna sem myndaðar eru af þeim. Til viðbótar eru nokkrar sagnir sem sýna „lítills háttar frávik í einu eða tveim formum“.<sup>30</sup> Beyging japanskra sagna er því nokkuð margþætt.

Japanskar sagnir laga sig ekki í persónu eða tölu að frumlagi eins og sagnorð í persónuhætti gera í íslensku. Sagnir í japönsku hafa hins vegar mörg form til að tákna hætti eða viðhorf þess sem talar.<sup>31 32 33 34</sup> Til að gera betur grein fyrir þessu má skoða hvernig sögnin *taberu* er í ólíkum háttum. Hér eftir táknar feitletur beygingarendingu ólíkra sagnmynda. Athugið að stofninn tekur ekki breytingu þar sem um er að ræða *-ru*-sagnir. *Taberu* sem þýðir ‘að borða’ eða ‘(frumlag) borðar’ er sambærileg nafn-

29 Sama rit, bls. 192.

30 Baldur Ragnarsson, *Tungumál veraldar*, bls. 139.

31 Sama rit, bls. 138.

32 3A Corporation. *Minna no nibongo: Elementary Japanese I: Translation & grammar notes: English* (2. útgáfa), Tókýó: Höfundur, 2012.

33 3A Corporation. *Minna no nibongo: Elementary Japanese II: Translation & grammar notes: English* (2. útgáfa), Tókýó: Höfundur, 2013.

34 Lampkin, R. L. *Japanese verbs and essentials of grammar* (3. útgáfa), New York: McGraw-Hill, 2010.

hætti og framsöguhætti í íslensku, auk þess að vera nútíðarmynd sagnarinnar. Þátíð sagnarinnar í þessum háttum er *tabeta* 'borðaði'. Neitunarháttur er *tabenai* 'borða ekki' í nútíð en *tabenakatta* 'borðaði ekki' í þátíð. Tengiháttur (e. *te-form*) er *tabete* og er ýmist notaður til að mynda samsettar sagnir eða í stað samtenginga. Þannig má til að mynda tákna dvalarhorf með því að bæta *imasu* við sögnina í tengihætti, samanber *tabeteimasu* sem þýðir 'að vera að borða'. Viðtengingarháttir eru tveir: Annars vegar form sem gefur í skyn möguleika eða getu (e. *potential*), *taberareru* 'get borðað', og hins vegar form sem gefur skilyrðið 'ef...' (e. *conditional*) til kynna, *tabereba* 'ef (ég) borða'. Segja má að boðhættir séu þrír. Í fyrsta lagi ströng fyrirskipun (e. *imperative*), *tabero* 'borðaðu!', aðallega notuð í íþróttamáli og af karlmönnum, í öðru lagi bann (e. *prohibitive*), *taberuna* 'ekki borða (þetta)' og í þriðja lagi kurteisisbeiðni, *tabenasai* 'vinsamlega borðaðu'. Þolmynd (e. *passive*) er *taberareru* '(e-ð) var borðað (af e-um)'. Orsakaháttur (e. *causative*) hefur tvö merkingarhlutverk. Annars vegar að tákna þvingun eða það að vera látinn gera eitthvað og hins vegar að leyfa eitthvað, *tabesaseru* '(gerandi) lætur (þolanda) borða/leyfir (þolanda) að borða'. Viljaháttur (e. *volitional*) er notaður þegar einn stingur upp á því að einhver annar geri eitthvað með honum, *tabeyou* 'fáum okkur að borða (?)'.

Stofn *-u*-sagna tekur ólíkt *-ru*-sögnum breytingum eftir því í hvaða hætti sögnin er. Til að gera grein fyrir þessu má skoða hvernig sögnin *yomu* sem þýðir 'að lesa' beygist í ólíkum háttum. Stofn *-u*-sagna í japönsku endar ýmist á *u*, *a*, *i*, *e* eða *o*. *U* er í nafnhættinum *yomu* og boðhættinum sem bannar (e. *prohibitive*) *yomuna*. *A* er í neitun *yomanai* í nútíð, þolmynd (e. *passive*) *yomareru* og orsakahætti (e. *causative*) *yomaseru*. *I* er í viðhafnarforminu *yomimasu* og kurteisisbeiðninni *yominasai*. *E* er í viðtengingarháttunum (e. *potential*) *yomeru* og (e. *conditional*) *yomeba* og fyrirskipandi boðhættinum (e. *imperative*) *yome*. *O* er í viljahætti (e. *volitional*) *yomou*. Tengiháttur (e. *te-form*) *-u*-sagna hefur margar myndir. Ef orðabókarmyndin endar á *ku* verður hún *ite*; *gu* verður *ide*; *nu*, *mu* og *bu* verður *nde*; *ru*, *u* og *tsu* verður *tte* en *shu* verður *shite*.<sup>35 36 37</sup> Eins og sjá má á þessum dæmum

35 3A Corporation, *Minna no nibongo: Elementary Japanese I*.

36 3A Corporation, *Minna no nibongo: Elementary Japanese II*.

37 Lampkin, *Japanese verbs and essentials of grammar*.



eru margar reglur sem stjórna því hvernig „beygja“ á *-u*-sagnirnar í hætti. Nemendur sem leggja stund á japönsku sem annað eða erlent mál þurfa því, vegna þessara miklu „beyginga“, að leggja stund á svipaðan utanbókarlærdóm og nemendur sem leggja stund á beygingu íslenskra sagna og hljóðskipti þeirra.

## 5. Kurteisisform

Eitt af sérkennum japönsku eru fimm *keigo*-kurteisisform sem mynda nánast sérstök tungumál innan japönskunnar. Japanskar sagnir eru allar til bæði í eiginlegu beygingarformi og í viðhafnarformi.<sup>38</sup> Í viðhafnarformi, það er kurteisformlegu máli, er *-masu* bætt við stofninn ef um nútíð er að ræða, samanber *tabemasu*, en *-shita* ef um þátíð er að ræða, samanber *tabemashita*. Þetta *keigo*-kurteisisform gengur undir nafninu *teineigo* á japönsku. Grundvallarmunur er á *keigo*-kurteisisformunum *sonkeigo* (e. *honorific polite expression*) og *kenjougo* (e. *humble polite expression*). *Sonkeigo* gengur út á að gera mikið úr viðmælandanum eða þeim sem talað er um; *kenjougo* gengur aftur á móti út á að mælandinn geri lítið úr sjálfum sér og hækki með því viðmælanda sinn í tign.<sup>39</sup> *Keigo* er notað til að þera og sýna virðingu þeim sem eru hærra settir í samfélaginu hvort sem það er vegna aldurs eða valds. Þannig eiga nemendur að þera kennara sína og þá sem lengra eru komnir í námi og starfsmenn fyrirtækja að þera yfirmenn sína og viðskiptavini. Það getur verið krefjandi fyrir þá sem leggja stund á japönsku sem annað eða erlent mál að tileinka sér *keigo* því að mörgu er að hyggja.

Til marks um hve mörg blæbrigði eru í kurteislegu máli í japönsku eru þær ólíku leiðir sem má fara til að biðja ókunnugan um að taka fyrir sig mynd. Í dæmi (1) eru sýndar sex leiðir til að orða þessa bón á *keigo*-kurteisisformi. Öll eru dæmin á fágudu máli en kurteisstigidið stigmagnast þar til kemur að (1e) sem sýnir álíka ofurkurteisi og (1f).

38 Baldur Ragnarsson, *Tungumál veraldar*, bls. 138.

39 Makino, S. og Tsutsui, M. *A dictionary of basic Japanese grammar*, Tókýó: The Japan Times, 1986, bls. 36.

(1)

- a. *Sbashin wo totte kudasai.*
- b. *Sbashin wo totte moraemasuka.*
- c. *Sbashin wo totte moraemasenka.*
- d. *Sbashin wo totte itadakemasuka.*
- e. *Sbashin wo totte itadakemasenka.*
- f. *Sbashin wo totte kudasaimasenka.*

Fyrstu þrjú orðin eru alltaf eins. *Sbashin* er nafnorðið ‘mynd’, *wo* er smáorð og *totte* er sögnin ‘að taka’ í tengihætti (e. *te-form*) sem hér er notaður til að mynda samsetta sögn. Það er því aðeins síðasta orðið, seinni sögnin, í setningunum sem breytist og felur í sér kurteisiform.

Áður en dæmin eru greind er vert að staldra við og nefna að *ka*, sem er síðasta atkvæðið í setningunum, er eitt af mörgum smáorðum eða viðskeytum í japönsku sem sýna setningafræðileg tengsl orða, samanber *ga, wa, wo, no, ni, he, ne* og *yo*. *Ka* táknar að um spurningu er að ræða. Spurningarmerki er ekki notað þegar japanska er rituð í viðhafnarformi en er hins vegar gjarnan notað þegar ritað er á eiginlegu beygingarformi en þá er *ka* sjaldnast bætt aftan við setninguna, samanber: „gakkou (ni) iku?“ í stað „gakkou ni ikimasuka“ þegar sagt er: ‘Ertu að fara í skólann?’.

Sagnirnar í dæmum (1b), (1c), (1d) og (1e) eru í viðtengingarhætti (e. *potential*) og sést það á *e* beygingunni sem stofn *-u*-sagnanna tekur. Notkun viðtengingarháttar er hugkvæm leið til að tjá kurteisi þar sem hátturinn býður upp á mörg blæbrigði.<sup>40</sup> Áhugavert er að bónin verður kurteisari í neitunarhætti sem sést á *-masen* beygingarendingunni í stað *-masu*, sjá dæmi (1c), (1e) og (1f). Vert er að benda á að munur er á kurteisisstigi sagnanna *morau* og *itadaku* (í orðabókarformi). *Itadakemasuka* í (1d) er þess vegna kurteisara en *moraemasenka* í (1c) þrátt fyrir að vera ekki í neitunarhætti.

Þérun var notuð á Íslandi hér áður fyrr til að sýna kurteisi og kom inn í málið vegna áhrifa frá öðrum evrópskum tungum. Aukin notkun þérunar í annarri persónu á 17. öld leiddi til þess að tvítalan sem slík lagðist af.<sup>41</sup> Í tvítölunni fólst að notuð voru ákveðin per-

40 Ide og Yoshida, „Sociolinguistics: Honorifics and gender differences“, bls. 446–447.

41 Helgi Guðmundsson, *The pronominal dual in Icelandic*, Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics, 1972, bls. 61, 98–99.

sónufornöfn og eignarfornöfn þegar talað var um tvo, samanber *við, þið, okkar* og *ykkar*, en önnur þegar talað var um fleiri, samanber *vér, þér, vor* og *yðar*. Tvíatalan varð að nýrri fleirtölu en gamla fleirtalan varð að þérun. Eftir að þérun lagðist af á Íslandi er aftur á móti enn þá minni munur á málsniði fólks en áður og sérstök form til að tjá kurteisi eru varla til í málinu. Ef til vill má þó í íslensku, líkt og í japönsku, greina blæbrigðamun á bón í framsöguhætti án neitunar (2a), bón í framsöguhætti með óbeinu neituninni *nokkuð* (2b), bón í viðtengingarhætti án neitunar (2c) og bón í viðtengingarhætti með óbeinu neituninni *nokkuð* (2d). Ekki felst bein neitun í orðinu *nokkuð* en hvatt er til eða gefinn kostur á neikvæðu svari. Bónin verður því ögn kurteisari ef *nokkuð* er bætt við, samanber (2b) og (2d). Eins verður bónin örlítið kurteisari ef viðtengingarháttur er notaður, samanber (2c) og (2d).

(2)

- Má ég biðja þig um að taka mynd af okkur?
- Má ég nokkuð biðja þig um að taka mynd af okkur?
- Mætti ég biðja þig um að taka mynd af okkur?
- Mætti ég nokkuð biðja þig um að taka mynd af okkur?

## 6. Tilbrigði og orðaforði

Svo lítill munur er á staðbundnum framburði og málvenjum manna á Íslandi að varla er hægt að tala um mállýskur þótt ýmissa málbreytinga gæti í máli yngra fólks í dag. Hér má meðal annars vísa til nýja dvalarhorfsins, eignarfallsflóttu, nýju setningargerðarinnar og þágufallshneigðar.<sup>42 43 44</sup> Tilbrigðin sem finna má í íslensku valda engum erfiðleikum í samskiptum. Í Japan er mállýskumunur aftur á móti mikill. Algengt er að fólk frá ólíkum landshlutum tali sín á milli á samskiptamálinu *kyootuu-go*, sem þýðir sameigin-

42 Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstjórar), *Tilbrigði í íslenskeri setningagerð I: Markmið, afþerðir og efniviður*, Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 2013.

43 Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstjórar), *Tilbrigði í íslenskeri setningagerð II: Helstu niðurstöður: iöflræðilegt yfirlit*, Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 2015.

44 Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstjórar), *Tilbrigði í íslenskeri setningagerð III: Sérathuganir*, Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 2017.

legt mál.<sup>45</sup> Samskiptamálið er byggt á mállýsku höfuðborgarinnar Tókýó og ríkismálinu, *hyooszyun-go*. Opinbera ríkismálið er kennt í skólum og notað í fjölmiðlum. Sú staðreynd að notast þurfi við sérstakt samskiptamál innanlands sýnir að mállýskumunur er orðinn það mikill að málhafar eiga erfitt með að skilja hver annan. Fromkin, Rodman og Hyams<sup>46</sup> styðjast við þá þumalputtareglu að mállýskur skiljist innbyrðis en tungumál geri það ekki. Þó er fleira sem hefur áhrif á aðgreiningu tungumála og mállýskna, svo sem skyldleiki tungumálanna þegar kemur að málfræði og pólitísk eða samfélagsleg tengsl milli málhafa máltilbrigðanna. Í japönsku tíðkast að tala um máltilbrigðin sem staðbundnar mállýskur eins og sama tungumáls, þótt samkvæmt skilgreiningu Fromkin og félaga hér að framan sé í raun frekar um mismunandi tungumál að ræða í Japan. Erfitt er að skilgreina muninn á tungumáli og mállýsku og þrátt fyrir að í mörgum tilvikum gagnist þumalputtareglan vel eru margar undantekningar frá henni. Auk japönsku má nefna kínversku sem dæmi um mál með mörgum mállýskum sem ekki skiljast vel, og eru jafnvel óskiljanlegar, innbyrðis en þó tíðkast að skilgreina sem eitt tungumál.<sup>47</sup> Norðurlandamálin (meginlandsmálin) eru andstætt dæmi um undantekningu frá reglunni þar sem danska, sænska og norska eru yfirleitt vel skiljanleg innbyrðis, líkt og um mállýskur væri að ræða, en þó er hefð fyrir að skilgreina þessi Norðurlandamál sem sjálfstæð tungumál.

Nokkuð er um kynbundinn mun í máli fólks alls staðar í heiminum.<sup>48</sup> Almennt tala konur ef til vill staðlaðra og formlegra mál en karlar, nota oftast orð til að auka áherslu, samanber áhersluatviksorð í íslensku: „Þetta er *rosalega* mikilvægt“ og baktryggja það sem þær segja með spurningum eða orðum sem gefa í skyn vafa: „Það þarf að bæta úr þessu, *finnst ykkur það ekki?*“<sup>49</sup> Töluvert er um kynbundinn orðaforða í japönsku en lítið er um slíkt í íslensku. Þó eru, líkt og í japönsku, til íslensk orð sem karlar segja síður en konur og öfugt.<sup>50</sup> Í Japan er ætlast til að konur noti oftast kurteisiorð

45 Baldur Ragnarsson, *Tungumál veraldar*, bls. 134.

46 Fromkin, V., Rodman, R. og Hyams, N. *An introduction to language*, bls. 432.

47 Baldur Ragnarsson, *Tungumál veraldar*, bls. 152.

48 Coates, J. *Women, men and language* (2. útgáfa), London: Longman, 1993.

49 Sama rit, bls. 449.

50 Ásta Svavarsdóttir og Þóra Björk Hjartardóttir, Breytileiki í máli, Í *Erindi um íslenskt mál*, Reykjavík:

en karlar. Með kurteisri málnotkun sýna konur hversu vel uppaldar þær eru.<sup>51</sup> Ekki þykir til dæmis viðeigandi í Japan að konur noti fyrirskipunarform sagna. Móðir myndi því segja *yamenasai*, ‘vin-samlegast hættu (þessu)’ (kurteisisbeiðni) við barn sitt en faðir gæti sagt *yamero*, ‘hættu (þessu)!’ (fyrirskipunarform). Lýsingarorðið *fær* og lýsingarorðið *bragðgóður* hljóma eins á japönsku og er *umai* (samstafaorð). Hvort kynið sem er getur notað það í merkingunni ‘fær’ en almennt er ekki viðurkennt að konur noti það í merkingunni ‘bragðgóður’. Konur ættu heldur að segja *oisbii* en það geta karlar einnig sagt. Samkvæmt rannsókn sem gerð var á vegum málræktarstofnunar japanska ríkisins árið 1957 um viðhorf til kurteisisforma þykir Japönnum almennt kurteist að málhafi sé margorður, noti neitun (sbr. dæmi (1) hér að framan), tali ríkismállýskuna og noti gömul kínversk tökuorð.<sup>52</sup> Japanir eru almennt kurteisir (sbr. *keigo*-kurteisisformið sem nefnt var hér að framan), en mál kvenna ber sérstaklega vitni um kurteisi.

Eitt af sérkennum íslenskunnar er frjó nýyrðasköpun. Að búa frekar til ný orð en að taka inn tökuorð má rekja til hreintungustefnunnar sem hefur verið ráðandi í íslenskri málstefnu frá tímum Lærdómslistafélagsins.<sup>53</sup> Þrátt fyrir að ýmis erlend tökuorð leynist í málinu eru tökuorð tiltölulega fá í íslensku og hafa flest aðlagast íslenskri beygingu og framburði. Að undanfögnu hefur mikið verið um tökuorð í japönsku. Mörg þeirra koma úr kínversku og ensku en einnig úr portúgölsku og öðrum málum. Tökuorðin aðlagast þó mörg hver svo vel að japönsku málkerfi, það er að atkvæðagerðinni (sbr. umfjöllun um hljóðkerfi japönskunnar hér að framan), að ógerlegt getur verið fyrir þá sem ekki hafa kunnáttu í málinu að greina að um sama orð sé að ræða. Skemmtilegt dæmi er skyndibitastaðurinn *McDonalds* sem er *Makudonarudo* á japönsku. *Sjónvarp* og *tölva* eru dæmi um nýyrði sem Íslendingar eru stoltir af. Yfir sömu hluti nota Japanir orðin *terebi* og *kompyu-ta*, það er *television* og *computer* sem komin eru úr ensku. Í japönsku eru þó einnig til orð sem mynduð

Íslenska málfræðifélagið, 1996, bls. 95–109, hér bls. 106.

51 Ide, S. og Yoshida, M. „Sociolinguistics: Honorifics and gender differences“, bls. 466–470.

52 The National Language Research Institute, *An introduction to the language research institute: A sketch of its achievements*, Tókýó: Höfundur, 1971, bls. 10.

53 Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málbreiðun: Sögulegt yfirlit*, Reykjavík: Íslensk málnefnd, 1990, bls. 42.

hafa verið á svipaðan hátt og íslensk nýyrði. Þá má nefna nafnorðin *denwa* sem er ‘raf-tal’, það er ‘sími’, og *chikyuka* ‘hnattvæðing’ í stað *guroubarizeishon*, það er *globalization* á ensku<sup>54</sup>. Það verður að teljast áhugavert að Íslendingar og Japanir hafa stuðst við áþekkar aðferðir við nýyrðasköpun.

## 7. Samantekt

Íslenska og japanska eru ólík tungumál hvað varðar formgerð, málnotkun og ritvenjur. Munurinn á ritunarhætti íslensku og japönsku er ærinn. Við ritun íslensku er aðeins stuðst við eitt stafróf en við ritun japönsku eru aftur á móti fjögur stafróf notuð jöfnum höndum. Í samanburði við þann ríkulega fjölda fólks sem talar japönsku tala örfáir íslensku. Málnotkun á Íslandi er nokkuð einsleit. Mállýskumunur er nánast enginn á Íslandi og málsnið kvenna og karla er svo gott sem eins. Málnotkun í Japan er hins vegar margs konar. Stuðst er við ríkismál á opinberum vettvangi í Japan þar sem mállýskumunur er svo mikill. Verulegur munur er á máli kynja í japönsku og endurspeglar tungumálið rötgróið feðraveldi. Japanska er mikið kurteisismál og hefur sérstök viðhafnarform en íslenska hefur lítið sem ekkert af slíku. Íslenska er stórfellt beygingarmál en það er japanska ekki í sama skilningi; í japönsku beygjast orð ekki eins og í íslensku en sagnir og lýsingarorð beygjast í mörgum ólíkum háttum. Tungumálin eiga það aftur á móti sameiginlegt að mikið er um „beygingar“ í báðum málum. Draga má þá ályktun að það sé meðal annars þessi umtalsverða „beyging“ sem Íslendingar og Japanir vísa til þegar þeir tala um móðurmál sitt sem „erfitt“ tungumál. Um leið ber að nefna að í slíkri ályktun felst einföldun; það þykir ekki síður erfitt að læra íslensku sem annað eða erlent mál vegna framburðar en beygingar og japönsku vegna ritunarháttar og viðhafnarforma.

54 Kristín Ingvarsdóttir, *Aisurando no gengo seisaku to guroubarizeishon: Nijuu no chousen* (Ísl. Íslensk málstefna og alþjóðavæðing: Tvöföld áskorun), í Okazawa, N. og Murai, M. (ritstjórar), *Hokouu sekai no kotoba to bunka* (Ísl. Tungumál og menning á Norðurlöndum), Tókýó: Seibundoh, 2007, bls. 187–195.

## ÚTDRÁTTUR

Tiltölulega fáir útlendingar búa á Íslandi og í Japan og því fáir sem tala íslensku og japönsku sem annað mál. Hjá heimamönnum ríkir það viðhorf að móðurmál þeirra sé „erfitt“ og því undra þeir sig á því að útlendingar skuli leggja á sig að læra málin. Þótt Íslendingar og Japanir eigi sameiginlegt þetta viðhorf til móðurmála sinna eru íslenska og japanska ólík tungumál hvað varðar formgerð, málnotkun og ritvenjur. Í íslensku er stuðst við eitt stafróf en fjögur stafróf eru notuð í japönsku. Mállýskumunur er nánast enginn á Íslandi en mikill munur er á tali fólks eftir landshlutum í Japan. Lítið er um kynbundinn orðaforða í íslensku en kynbundinn munur á japönsku talmáli getur verið töluverður. Þó nokkuð er af orðum í japönsku sem ekki þykja hæfa konum um leið og önnur orð þykja ekki viðeigandi fyrir karla. Margar ólíkar leiðir eru til að tjá kurteisi í japönsku en fáar leiðir eru til þess í íslensku eftir að þérun lagðist af. Íslenska er mikið beygingarmál en það er japanska ekki í sama skilningi en í japönsku beygjast orð, sér í lagi nafnorð, ekki eins og í íslensku þótt sagnir og lýsingarorð beygist í mörgum ólíkum háttum.

Lykilorð: Íslenska, japanska, formgerð, beyging sagna, málnotkun, kurteisisform

## ABSTRACT

## The languages of two islands

Rather few foreigners live in Iceland and Japan, compared to many other countries, and thus there are relatively few people who speak Icelandic and Japanese as a second language. The perception of both Icelanders and the Japanese is that their mother tongue is “difficult” to learn and they are often surprised that foreigners choose to make the effort to study their native language. The two languages are very different in terms of their writing systems, structure, and usage. In Icelandic there is only one alphabet, whereas Japanese has four writing systems. There is almost no dialectal variation in Iceland, whereas there is great variation in the way Japanese is spoken, based on both regional and sociological variables. In Icelandic there are very few gender linked words, whereas in Japanese there are a number of words that are improper for women to use and other improper for men. Whereas there are many different means to express politeness in Japanese, in Icelandic there are few ways to do so. Icelandic is also a highly inflectional language, whereas Japanese is not in the same sense. Japanese nominals do not inflect for case the way Icelandic nominals do, but verbs and adjectives have many different inflectional forms depending on their mood. Thus, both languages have rich inflectional systems albeit very different ones.

Keywords: Icelandic, Japanese, structure, verb conjugation, language usage, ways to express politeness